

Föstudaginn 1. nóvember 1985.

Nr. 184/1982. **Sigurvin Snæbjörnsson**

(Gústaf Þór Tryggvason hdl.)

gegn

Magnúsi H. Valdimarssyni

og gagnsök

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabótamál. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1982, birtri 1. nóvember 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara „er kröfufjárhæðinni mótmælt, svo og vöxtum og vaxtatíma“. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en aðaláfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 3. febrúar 1983.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. nóvember 1982 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 334.300,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. desember 1976 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 27. s.m., 25% ársvöxtum

frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. s.m., 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms í máli þessu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur gagnáfrýjandi lagt nýja áætlun Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 26. október 1984, um vinnutekjutap gagnáfrýjanda vegna örorku, tímabundinnar og varanlegrar. Er hún reist á sömu forsendum og fyrri áætlanir tryggingafræðingsins að öðru leyti en því, að miðað er við dánarlíkur íslenskra karla á árunum 1976—1980, tekið tillit til breytinga á kaupgjaldi, sem orðið hafa eftir að fyrri áætlanir voru gerðar, og hið áætlaða árlega tekjutap reiknað til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi eftir tvennum mismunandi forsendum um vexti. Er annars vegar reiknað með 13% ársvöxtum og vaxtavöxtum, en hins vegar með einföldum sparisjóðsvöxtum milli slysdags og útreikningsdags, en 6% ársvöxtum og vaxtavöxtum að því er varðar áætlað tap eftir þann tíma. Reiknast honum höfuðstólsfjárhæðin nema 10.400,00 krónum vegna tímabundinnar örorku en 234.600,00 krónum vegna varanlegrar örorku, eða alls 245.000,00 krónum, ef fyrri aðferðin er notuð, en 10.400,00 krónum vegna tímabundinnar örorku og 311.900,00 krónum vegna varanlegrar örorku, eða alls 322.300,00 krónum, ef beitt er síðari aðferðinni.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti krafðist gagnáfrýjandi sömu fjárhæðar og fyrir héraðsdómi. Eru ekki skilyrði til að leyfa honum hækkun dómkrafna sinna frá þeirri kröfugerð, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétti byggir gagnáfrýjandi ekki á því, að aðaláfrýjandi hafi verið vinnuveitandi hans, er slysið bar að höndum og beri af þeirri ástæðu ábyrgð á tjóni hans. Þá er því ekki haldið fram, að múrbolti sá, sem notaður var til að festa verkpallsskóinn á vegginn, hafi dregist út úr veggnum, þegar flekamótið slóst í verkpall-

inn, svo að hann féll. Aðaláfrýjandi andmælir því ekki, að gagnáfrýjandi hafi hælbrotnað við fallið af verkpallinum.

Aðaláfrýjandi var framkvæmdastjóri Sigurmóta h/f, og hann var byggingameistari við smíði fjölbýlishússins við Lyngmóa og hafði umsjón með framkvæmdum þar. Bar honum að sjá um, að ekki væri stofnað í hættu við framkvæmdirnar öryggi manna, sem við húsið unnu, eða annarra, sbr. auglýsingu nr. 23/1967, kafla 1.10.2., sbr. auglýsingu nr. 181/1973. Þar á meðal bar honum að líta eftir því, að búnaður, sem notaður var til að setja upp og festa verkpalla, væri í alla staði traustur. Var sérstök nauðsyn, að rík aðgát væri höfð í þeim efnum, vegna þess hve flekamótin voru þung, og því meiri hætta á ferðum en ella, ef eitthvað fór úrskeiðis við að koma þeim fyrir.

Ekki er víska fyrir því, hvað olli því, að verkpallsskórinn dróst fram af múrboltanum vegna höggsins af mótafleknum. Geta þar hafa komið til mistök við festingu róarinnar á múrboltann, en einnig að skinnan undir rónni hafi rifnað og festiskórinn dregist út af múrboltanum yfir róna eða þá að gengjur á múrboltanum hafi gefið sig af þeirri ástæðu, sem nefnd er í héraðsdómi. Brýnt var fyrir aðaláfrýjanda að gæta þess, að notaður væri nægilega sver og traustur múrbolti og eigi síður að notuð væri skinna, sem væri örugglega nógu traust, úr því að róin á múrboltanum, sem var notaður, var ekki stærri en svo, að hún gat auðveldlega dregist í gegnum gatið á verkpallsskónum. Þessa verður aðaláfrýjandi ekki talinn hafa gætt.

Engin rannsókn fór fram á vettvangi eftir slysið. Slík athugun, ef gerð hefði verið, kynni að hafa leitt í ljós orsök þess, að festingar héldu ekki. Verður aðaláfrýjandi, eins og hér stendur á, að bera halla af óvissu um orsök þess, að festing verkpallsskósins gaf sig. Ber samkvæmt framansögðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skaðabótaábyrgð aðaláfrýjanda.

Gögn um tekjur gagnáfrýjanda fyrir og eftir slysið liggja ekki fyrir í málinu. Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni 26. september 1979, því sem frá er greint í héraðsdómi, kemur fram, að gagnáfrýjandi hafi áður verið metinn 50% öryrki vegna höfuð-áverka, sem hann hlaut í bílslysi árið 1963. Um það slys og afleiðingar þess liggur þó ekki annað fyrir í málinu. Í héraðsdómi er rakin

sjúkrasaga gagnáfrýjanda eftir því sem henni er lýst í örorkumatinu. Þegar þetta er virt og hliðsjón höfð af áætlun Jóns Erlings Þorlákssonar um tekjutap gagnáfrýjanda, þykir mega taka til greina að fullu þá kröfu, sem gagnáfrýjandi gerði fyrir héraðsdómi, þar með talda vaxtakröfu hans, eins og hún var greind í héraðsdómsstefnu, með þeirri breytingu þó, sem leiðir af kröfugerð hans hér fyrir dómi varðandi tímabilið 1. desember 1979 til 1. júní 1980. Verður aðaláfrýjandi því dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 139.670,00 krónur að frádregnum 3.600,00 krónum (360.000 gkr.), eða alls 136.070,00 krónur ásamt vöxtum, svo sem greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til launagreiðslna, sem áfrýjandi naut eftir slysið.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 35.000,00 krónur.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans, 30.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sigurvin Snæbjörnsson, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi H. Valdimarssyni, 136.070,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. desember 1976 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 9. desember 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og um gjafsóknarkostnað gagnáfrýjanda í héraði er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. júní 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. maí 1982, hefur Magnús Valdimarsson, Garðafliót 31, Garðakaupstað, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 1. desember 1980, á hendur Sigurvin Snæbjörnssyni byggingameistara, Laufvangi 6, Hafnarfirði, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 139.679,00 með 13% ársvöxtum frá 28.12. 1976 til 1.6. 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. sama ár, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980, en með 35% ársvöxtum til 9.12.1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 3.600,00. Málskostnaðar er krafist, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hinn 30. desember 1980, veitti dómsmálaráðuneytið gjafsókn í máli þessu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara er kröfufjárhæðinni mótmælt svo og vöxtum og vaxtatíma. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Dómkrafa stefnanda, sem er fæddur 16. nóvember 1956, er vegna vinnu-slyss, er hann varð fyrir hinn 28. desember 1976, er hann vann við byggingaframkvæmdir Sigurmóta h.f. við fjölbýlishús, er félagið var að reisa við Lyngmóa í Garðakaupstað. Búi Sigurmóta h.f. hefur verið skipt gjaldþrotaskiptum, og ekkert greiddist uppí kröfuna, en henni var lýst í búið. Sigurmót h.f. hafði engar þær tryggingr, er til greina kom, að bættu stefnanda sem starfsmanni félagsins tjón hans að neinu leyti. Sigurvin Snæbjörnsson, en stefnandi hafði áður verið starfsmaður hans persónulega, hafði keypt kjarasamningsbundna slysatryggingu launþega hjá Almennum tryggingum h.f., og greiddi félagið hinn 7. febrúar 1980 stefnanda hámarksfjárhæð samkvæmt tryggingarskilmálum gkr. 360.000 uppí tjón hans og gkr. 56.252 vegna örorkumats og gkr. 29.500 vegna sérfræðingsvottorðs, þótt stefnandi væri ekki launþegi Sigurvins Snæbjörnssonar, er slysið varð.

III.

Á þeim tíma, er slysið varð, var Sigurvin Snæbjörnsson stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Sigurmóta h.f. Hann var byggingameistari á umræddu verki. Hann hefur nánar lýst starfssviði sínu svo, að hann hafi séð um efnisaðdrætti og launagreiðslur. Á vinnustað hafi verið 3 verkstjórar, þeir Ríkharður Magnússon, múrarameisteri á verkinu, og tveir trésmiðir

með iðnréttindi, sem hafi stjórnað öllu, er laut að tréverki, Guðni Ingimundarson og Kristinn Garðarsson.

Kristinn Garðarsson kvaðst hafa haft á hendi verkstjórn yfir stefnanda, er slysið varð. Þeir hafi reyndar verið tveir verkstjórnarnir, hann og Guðni, en hann kvað stefnanda hafa verið hjá sér er slysið varð. Aðspurður kvað hann Sigurvin Snæbjörnsson hafa haft á hendi yfirverkstjórn, hann hafi alltaf komið á hverjum degi, tvisvar, þrisvar á dag, og haft yfirumsjón með verkinu.

Vitnið Sigurður Kristinsson, sem ekki vann við umrætt verk, en var ritari í stjórn félagsins og fylgdist með starfsemi þess, kvaðst telja, að Sigurvin hafi verið yfirverkstjóri við umræddar framkvæmdir. Hann sagði: „Ég lít svo á að hann hafi verið það, hann er byggingameistari og var framkvæmdastjóri félagsins.“ Vitnið taldi starf framkvæmdastjóra, þegar svo stendur á sem hér, fremur útréttingar og yfirumsjón en beina verkstjórn á vinnustað.

IV.

Er slysið varð, var verið að stilla upp flekamótum til þess að steypa upp fyrstu hæð umrædds fjölbýlishúss, en búið var að steypa jarðhæðina, þ.e. kjallarann. Verið var að stilla upp ytri hlið, þ.e. utan á útvegg. Um var að ræða stálfleka um 4,5 m á lengd, 2,6 m á breidd og um tonn að þyngd. Notaður var krani til þess að hífa flekann á sinn stað. Þegar flekanum er stillt upp, er búið að slá frá því, sem þegar er búið að steypa, og því ekki um það að ræða á ytri hlið, að flekarnir geti hvílt á neðra móti og því síður á steiptum vegg. Undirstaðan undir flekana er því þannig fengin, að festir eru járnskór á vegginn með 2ja metra millibili, og þjóna þessir járnskór því hlutverki annars vegar að vera undirstaða fyrir flekann og hins vegar að vera festingar fyrir stillans eða vinnupall fyrir þann að standa á, sem tekur við flekunum, meðan þeir hanga í krananum, og stýrir þeim í réttar skorður og festir þá. Stefnandi vann að síðast greindu verki. Hann stóð á stillansinum og var að stilla fleka í réttar skorður. Er þungi flekans kom á stillansinn, létu festingar undan, og stillansinn féll niður. Fall stefnanda var um 2 metrar. Hann hælbrotnaði.

Áðurnefndur skór, sem mótin hvíla á og stillansinn er festur í, var festur með múrbolta í vegginn. Það sem bilaði var að múrbolti lét sig. Undir rannsókn málsins var múrbolti numinn úr veggnum, og er óumdeilt, að hann er samskonar og sá, er hélt skónum, sem losnaði. Leggur múrboltans er 8 cm að lengd og 8 mm í þvermál. Haus múrboltans gengur inní holu, sem boruð er í vegginn. Næst hausnum og inni veggnum er á legg boltans plathulsa, 3 cm að lengd og 12 mm eða ½ tomma í þvermál, sem þenst út og festir boltann, þegar hann er hertur. Fyrir framan hana er á legg

boltans járnþípa 4 cm löng og jafn sver, þ.e. 12 cm eða $\frac{1}{2}$ tomma í þvermál. Hún gengur út í gegnum gat á skónum, sem reyndist 17,5 mm í þvermál. Óumdeilt er, að á boltanum var skinna 25,7 mm í þvermál, utanmál, og 2,1 mm að þykkt, gatið á henni 8,6 mm og ró að þvermáli 14,5 mm, utanmál. Hver skór var festur með einum slíkum múrbolta.

Stefndi hefur upplýst, að múrboltar hafi aðeins verið notaðir, þegar slegið var upp fyrir fyrstu hæð, þ.e. í sökkulveggi. Þegar ofar kom, var gegnumboltað með 12 mm eða $\frac{1}{2}$ tommu teinum með 6 mm þykkri skinnu og ró með 21 mm þvermáli, þ.e. ró sem ekki gat dregist í gegnum gatið á skónum, jafnvel þótt engin skinna hefði verið.

Umrædd mót eru af sænskri gerð. Festiskórnir eru þó íslensk hönnun, gerð af teiknistofu Hauks Haraldssonar, tæknifræðings á Akureyri, sem jafnframt mun hafa umboð fyrir þessi mót. Í kynningarbæklingi frá umræddum umboðsmanni, sem lagður hefur verið fram í málinu og dagsettur er í febrúar 1979, segir m.a.: „Við uppsteypu á útveggjum þegar komið er yfir eina hæð eru notuð knekti sem boltuð eru í gegnum vegg og notast fyrir vinnupalla og stífinger á mótum.“ Því er ekki haldið fram, að stefndi hafi fengið slíkan kynningarbækling í hendur, þegar Sigurmót h.f. fengu umrædd mót eða ráðleggingar frá hinum íslensku aðiljum, sem hönnuðu og framleiddu skóna, þess efnis, að reglan væri sú að gegnumbolta.

V.

Vitnið Daníel Sigurðsson, sem stjórnaði krananum, var spurður um, hvað hefði gerst, hvort múrboltar hefðu dregist út eða hvort þeir hefðu brotnað eða slitnað. Hann svaraði: „Boltinn var ennþá kyrr í veggnum, það var skinnan sem var utan við boltann sem var heldur lítil og þoldi ekki álagið ... Róin var kyrr og líka skinnan, en hún flattist út undan gatinu.“

Vitnið Kristinn Garðarsson, er var verkstjóri stefnanda, bar, að boltinn hefði verið eftir í veggnum, og sagði nánar aðspurður: „Ég man það nú ekki alveg glögg, allavega var boltinn eftir, skinnan og róin var farin af.“

Stefndi Sigurvin kvaðst hafa athugað staðinn um viku eftir að slysið varð. Spurður um ummerki sagði hann: „Það voru engin verksummerki því múrboltarnir stóðu alltaf í, því við tókum það ekki útúr farinu heldur söguðum þá við vegginn og þeir stóðu í alveg eins og á öllum öðrum stöðum.“

Stefnandi Magnús lýsir atburðinum svo í skriflegri aðiljayfirlýsingu: „Ég var búinn að vera þar í tæpa 3 mánuði þegar ég slasaðist, þann dag sem slysið varð vorum við, ég og Guðmundur Guðmundsson, látnir í það að festa skóm fyrir stillansajárnin, þessu var fest með því að bora fyrir múrboltum 4 tommu löngum. Ég boraði og tillti þessu en Guðmundur kom

á eftir mér og herti rærnar. Síðan var hann kallaður í annað verk, síðan komu aðrir sem settu stillansajárn í skóna sem við höfðum fest og settu svo planku á stillansajárnin svo hægt yrði að ganga á þeim. Seinni partinn var byrjað að stilla upp mótunum og ég látin fara út á stillansann til að setja klossa undir mótin og kraninn lyfti mótinu á meðan aðeins frá, síðan skellti hann því harkalega niður aftur og í því brotnaði einn skór af veggnum og stillansajárnið datt á undan mér niður ég kom standandi niður og datt síðan. Ég hélt að ég hefði bara snúið mig en þegar ég ætlaði að reyna að standa upp fékk ég þennan ofsa sting svo ég bað lærling sem Oddur heitir að keyra mig upp á slyssavarðstofu en þar kom í ljós að ég hafði brotið hælinn mjög illa ... Ég hélt að þegar Guðmundur var tekinn úr verkinu hefði hann gleymt að herða róna á þessum skó en eftir því sem Oddur segir hafði múrboltinn dregist út úr veggnum með þeim afleiðinum að allt hrundi.“

Kranastjórinn Daníel kannaðist ekki við að hafa skellt flekanum harkalega niður. Ekki hafa nein vitni, er gætu borið um það atriði sem sjónarvottar, komið fyrir dóminn.

Slysið var ekki tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins.

VI.

Undir rekstri málsins sendi lögmaður stefnanda Vinnueftirliti ríkisins gögn máls þessa og óskaði svars við þessum spurningum:

1. Hvort slík mót, sem hér um ræðir, hafi verið skoðuð.
2. Hvort mót þau, sem notuð voru á byggingasvæði Sigurmóta h.f., hafi verið skoðuð.
3. Hvort umbúnaður og uppsetning stillansanna hafi verið forsvaranleg.

Lögmaðurinn lagði síðan fram svar Vinnueftirlits ríkisins, dags. 27.11. 1981, svohljóðandi:

„Þar sem nú eru liðin all mörg ár frá slysi því sem um ræðir er útilokað að rannsaka tildrög þess.

Allmargar gerðir flekamóta eru í notkun, sérstök úttekt hefur ekki farið fram á þeim flekamótum sem Sigurmót notuðu við Lyngmóa 4—6. Af lýsingum Brynjólfs Kjartanssonar hrl., sem fram kemur í bréfi hans dags. 18.11. 1981, til Vinnueftirlits ríkisins á festingum vinnupalls, og sé gengið út frá tveggja metra bili á festingum hefði 8 m/m múrbolti sem festing á svonefndum „stillansaskó“ mjög ólíklega verið viðurkennd af Öryggiseftirliti ríkisins, nú Vinnueftirliti ríkisins.“

VII.

Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda þannig:

Frá slysdegi í níu mánuði	100%
síðan í þrjá mánuði	50%
varanleg örorka	15%

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur, síðast með útreikningi dags. 4.2. 1982, áætlað örorkutjón stefnanda, og reiknast honum höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda nema á slysdegi

vegna tímabundinnar örorku	10.430,00
vegna varanlegrar örorku.....	138.830,00
	149.260,00

Stefnandi er fæddur 16. nóvember 1956 og var því 20 ára, er slysið varð. Í framangreindri áætlun er á 22. aldursári reiknað með 52ja vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467 ½ eftirvinnustund (10 stundir á viku í 46 ¾ vikur) með 8 ⅓ orlofi á taxta Dagsbrúnar fyrir byggingarvinnu, þ.e. 9 fl. A. Á 21. aldursári er miðað við 95% af framangreindum tekjum. Frá 26. aldursári er miðað við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna árin 1975—1979 samkvæmt úrtakskönnun Þjóðhagsstofnunar, umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Hækkun frá 22. til 26. aldursárs er skipt jafnt á árin þar á milli. Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindaforföllum, bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eða skatta.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

Vegna tímabundinnar örorku.....	10.430,00
Vegna varanlegrar örorku	117.600,00
Miskabætur	12.000,00
	139.670,00

Í örorkumati lækisins Jónasar Hallgrímssonar kemur fram, að stefnandi hlaut hælbrott á vinstra fæti og var lagður inn á bæklunardeild Landspítalans. Tveim dögum eftir innlögn var gerð aðgerð og hælbrotið fest með sknúfu. Nokkru eftir aðgerð kom í ljós, að ígerð var í sárinu, og tók nokkurn tíma að uppræta hana. Eftir 16 daga, þ.e. hinn 14.1. 1977, var stefnandi sendur heim af spítalanum, og var þá í gipsi upp að hné og áætlað, að hann þyrfti að vera í gipsi í 6 vikur. Hinn 23.3. kom í ljós að myndast

hafði sár innanvert á hælnum, og drep var komið í húðina á þeim stað. Var flutt yfir það húð, sem tekin var frá hægri legg. Af þessu sökum lá stefnandi á Landspítalanum 1½ mánuð, þ.e. til 7.5. 1977.

Enn lá stefnandi á Landspítalanum frá 25.6. til 3.7. 1977, en þá hafði myndast bólga á yfirborði vinstri hælsins, sem skafin var burt. Loks lá stefnandi á Landakoti 18.7. til 4.8. 1978 vegna óþæginda, sem hann hafði í hælnum, og var ákveðið að losa hann við skrífu þá, sem upprunalega festi brotið saman. Í niðurlagi örorkumatsins er ástandi stefnanda svo lýst:

„Magnús kom til undirritaðs þ. 16.9. 1979. Hann segist fá þreytuverki við gang og langar stöður. Finnur hann fyrir þessu daglega við vinnu sína og verður haltur þegar liður á daginn. Þreytan og verkurinn kemur neðan í vinstri hæl og leggur upp eftir honum aftanverðum. Húðin á þessu svæði mun vera dofin. Magnús notar sérsmiðaða skó utan vinnu sinnar og liður miklu betur í þeim, en við vinnu sína segist hann þurfa að nota þægilegri skó. Hann segist oft þurfa að leggja sig eftir að hann kemur heim úr vinnunni og liður verkurinn í hælnum þá frá að mestu á nálægt einni klukkustund. Verkur sá, er hann hafði frá tauginni utanvert í fætinum, mun vera horfinn. . . .

Við skoðun sést svæði innan á vinstri hæl, sem er 3.5×5.5 cm í mesta þvm. Á því svæði er húðin mjög þunn og hörð og óslétt undir henni, en á jöðrunum er þykkt sigg. Þetta ör mun vera eftir húðflutninginn, sem varð að gera vegna drepis í húðinni. Vinstri fóturinn er þykkari en sá hægri á þann veg, að boginn neðan á ilinni er minni vinstra megin. Tær á vinstra fæti eru krepptar og er sigg dorsalt á 2. og 3. tá, sem mun vera eftir skó.

Mælingar eru gerðar á gildleika kálfa og læris. 15 cm neðan við liðbil í hné er ummál vinstri kálfa 37 cm og hægri 39,5 cm eða rýrnun, sem svarar 2.5 cm á vinstri kálfa. Mæling á læri 15 cm ofan við liðbil hnés er 49 cm ummál vinstra megin og 48 cm ummál hægri megin. Þannig er lítilsháttar rýrnun á hægri læri miðað við það vinstra.

Fjarlægð frá liðbili hnés innanfótar niður á neðri enda innri ökklahnútu er 39 cm á bæði hægri og vinstra ganglim, þannig að engin stytting hefur orðið við slysið.

Við gang, en Magnús er látinn ganga berfættur, virðist hann vera lítið eitt haltur.“

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, vann stefnandi Magnús sem verkamaður hjá Sigurmótum h.f., er slysið varð. Stefndi Sigurvin var framkvæmdastjóri Sigurmóta h.f. og hafði sem slíkur séð um kaup félagsins á umræddum mótum, þ.á m. umræddum stillansskóm. Stefndi Sigurvin var byggingameistari á umræddu húsi og var því skylt að hafa umsjón með framkvæmd-

um, þ.á m. að sjá um, að ekki væri stofnað í hættu öryggi manna, er við húsið unnu. Stefndi Sigurvin var í raun yfirverkstjóri við umrætt verk og fylgdist náið með framkvæmd þess. Honum átti að vera og var kunnugt um, hverskonar festibúnaður var notaður á umrædda skó.

Múrboltar hafa þann hættueiginleika umfram gegnumgangandi bolta, að hald þeirra í steypunni er takmarkað og jafnan áhætta, að þeir dragist út, einkum ef steypa er ekki fullhörðnuð eða gallar í henni.

Gat fyrir festibolta á umræddum skó var 17,5 mm í þvermál. Róin á múrbolta þeim, sem notaður var, var aðeins 14,5 mm í þvermál. Átak frá veggnum reyndi því á skinnu þá, sem á boltanum var, og því fyrir hendi sú áhætta, að róin gæti dregist í gegn, ef skinnan léti undan.

Sem áður greinir, var leggur múrbolta þess, er notaður var, 8 mm í þvermál. Þótt járnþípa sú, er á leggnum var og náði úti gatið á skónum, bætti við styrkleika boltans að því er varðaði lóðrétt átak, þá var hún gagnslaus varðandi átak frá veggnum. Stillansbúnaðurinn var þess háttar, að ljóst var, að slíkt átak gæti komið á boltann, er hinir þungu flekar voru látnir síga í vörnum í sæti. Jafnframt mátti gera ráð fyrir, að sláttur gæti verið á þeim, einkum ef vindur var.

Loks er að geta þess, að því mjórri sem bolti er því meiri hætta er á, að gengjur skemmist, þegar ró er hert, einkum ef ekki er tekið nægilegt tillit til mismunar á gildleika bolta við val á lykli til að herða með.

Með vísan til famangreindra atriða verður að telja, að umræddum búnaði, sem stefndi Sigurvin lét nota, hafi verið svo bersýnilega áfátt, að fella verði persónulega ábyrgð á stefnda Sigurvin á grundvelli culpareglunnar.

Eftir atvikum og með tilliti til eingreiðslu og skattfrelsis þykir tjón stefnanda vegna örorku hæfilega metið á kr. 90.000,00, en miskabætur á kr. 10.000,00. Uppí tjón sitt hefur stefnandi þegar fengið greiddar kr. 3.600,00.

Tildæmdar verða því kr. 96.400,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 28.12. 1976 til 1.6. 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda Sigurvin ber að greiða kr. 17.646 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarlaun, þ.á m. þóknun til skipaðs talsmanns stefnanda, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., kr. 16.400, greiðist úr ríkissjóði.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Sigurgeir Guðmundssyni skólastjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurvin Snæbjörnsson, greiði stefnanda, Magnúsi H.

Valdimarssyni, kr. 96.400,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 18.12. 1976 til 1.6. 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 17.646,00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., kr. 16.400,00.

Dómi þessum ber að fullnægja inna 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1985.

Nr. 99/1984. **Eiríkur Jónsson**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Sveini Skorra Höskuldssyni

Ólafi Halldórssyni og

Peter Hallberg

(Jóhannes L.L. Helgason hrl.)

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1984. Hann krefst þess, að eftirgreind ummæli í álitagerð stefndu um bók hans Rætur Íslandsklukkunnar verði dæmd dauð og ómerk: „Hér verður að telja að ritgerðarhöfundur standi tæplega fullheidarlega að verki.“ og „Nokkuð svipað virðist upp á teningnum að því er varðar notkun ritgerðarhöfundar á seðlasafni Orðabókar